

ALMENNIR SKILMÁLAR INNLÁNSREIKNINGA
MILLI ARION BANKA HF. OG VIÐSKIPTAVINA BANKANS

Almennir skilmálar innlánsreikninga Arion banka hf.

1. Almenn	3
2. Um Arion banka hf.	3
3. Stofnun viðskipta	4
4. Umboð	4
5. Verðskrá	4
6. Binditími	5
7. Vextir, vaxtaútreikningar og dráttarvextir	5
8. Innborganir og úttektir	7
9. Yfirdráttarheimild	7
10. Reikningar í eigu ófjárráða	9
11. Debetkort	9
12. Notkun rafrænna skilríkja , leyni- og PIN númera og snertilausra færslna	9
13. Greiðslufyrirmæli, viðtaka greiðslna, skuldfærslur o.fl.	11
14. Skuldajöfnuður	12
15. Uppsögn og lokun reikninga	12
16. Viðbótarupplýsingar ef um er ræða fjarsölu á innlánsreikningum.	13
17. Gildistaka og breytingar	14
18. Önnur ákvæði	14

1. Almenn

Skilmálar þessir gilda um alla innlánsreikninga sem stofnaðir eru hjá Arion banka hf., kt. 581008-0150, (hér eftir nefndur „Arion banki“ eða „bankinn“). Með innlánsreikningum er átt við sparnaðarreikninga, veltureikninga og gjaldeyrisreikninga. Skilmálarnir hafa að geyma almenn ákvæði um réttindi og skyldur bankans og eigenda innlánsreikninga.

Um einstaka innlánsreikninga geta gilt sérstakir skilmálar og gilda þeir skilmálar þá framfar þessum almennu skilmálum innlánsreikninga þegar það á við. Hinir almennu skilmálar innlánsreikninga eru þá viðbót við sérstöku skilmálana og þeim til fyllingar. Viðskiptavinir bankans skulu kynna sér þær reglur og þá skilmála sem gilda um viðkomandi viðskipti.

Auk þess gilda almennir viðskiptaskilmálar Arion banka um viðskipti milli bankans og viðskiptavina hans sem eru viðbót við almenna skilmála innlánsreikninga og eru þeim til fyllingar.

Þá gilda sérstakir skilmálar vegna debetkorta til viðbótar við þessa skilmála og gilda þeir skilmálar þá framfar þessum almennu skilmálum innlánsreikninga þegar það á við. Eigendur reikninga með debetkort útgefin af bankanum skulu kynna sér þá sérstaklega.

Skilmálar þessir, verðskrár bankans og vaxtatafla eru aðgengileg á vefsíðu Arion banka, www.arionbanki.is.

Viðskiptavinir geta einnig sent almennar fyrirspurnir á netfangið: arionbanki@arionbanki.is.

2. Um Arion banka hf.

Arion banki er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta. Arion banki rekur útibú, afgreiðslur og hraðbanka víðsvegar um landið.

Helstu upplýsingar um Arion banka:

Arion banki hf.

Borgartúni 19
105 Reykjavík
Ísland
Sími: 444-7000
Kennitala: 581008-0150 Netfang: arionbanki@arionbanki.is
Swift: ESJAISRE



Arion banki hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 (sjá heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is).

Frekari upplýsingar um starfsemi Arion banka má finna á vefsíðu bankans: www.arionbanki.is.

3. Stofnun viðskipta

Við upphaf viðskiptasambands, þar með talið við stofnun reiknings, ber viðskiptavini ávallt að sanna á sér deili með rafrænum skilríkjum eða framvísun fullgildra persónuskilríkja útgefnunum af stjórnvöldum eða viðurkenndum af stjórnvöldum, s.s. vegabréfi, ökuskírteini eða nafnskírteini, auk þess að fara í gegnum áreiðanleikakönnun skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 með síðari breytingum. Ef um lögaðila er að ræða á framangreint við um alla stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og prókúruhafa.

Viðskiptavini er óheimilt að stofna innlánsreikning fyrir annan fjárráða aðila nema hafa verið veitt umboð til þess. Sérreglur kunna þó að gilda um stofnun orlofsreikninga sbr. lög um orlof nr. 30/1987.

Arion banka er heimilt að synja umsókn um stofnun innlánsreiknings, nema lög mæli fyrir um annað. Bankanum ber almennt ekki skylda til að rökstyðja ákvörðun sína um synjun nema að lög mæli svo fyrir. Fallist aðili ekki á rökstuðning bankans getur hann beint kvörtun til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sjá nánar kafla 18.3. almennra viðskiptaskilmála bankans.

4. Umboð

Reikningseigandi getur veitt þriðja aðila umboð til að annast viðskipti við bankann fyrir sína hönd sem skal afhent bankanum. Umboð sem reikningseigandi veitir þriðja aðila skal vera skriflegt og vottað af tveimur vottum, lögbókanda (notari publico), löggiltum fasteignasala eða héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni.

Sé umboðsmanni ekki veitt fullt og ótakmarkað umboð skal tilgreina nákvæmlega hvaða heimildir umboðsmaður hefur til að taka ákvarðanir fyrir hönd umbjóðanda. Uppfylli umboðið ekki kröfur bankans eða laga um skýrleika og vottun mun bankinn synja umboðsmanni um viðskipti á grundvelli umboðsins.

Sé umboð ekki tímabundið fellur það niður gagnvart bankanum við afturköllun umbjóðanda á umboði. Afturköllun umbjóðanda á umboði sem hann hefur veitt skal berast bankanum á sannanlegan hátt. Afturköllun öðlast gildi þegar tilkynningin berst bankanum.

5. Verðskrá

Verðskrár Arion banka eru hluti af þessum skilmálum og viðskiptavinur greiðir gjöld fyrir þjónustu bankans og annan útlagðan kostnað í tengslum við veitta þjónustu, allt samkvæmt verðskrá bankans eins og þær er á hverjum tíma. Sé kveðið á um gjaldtöku í öðrum skilmálum eða samningum sem bankinn gerir við viðskiptavini sína skulu þeir skilmálar gilda framar verðskrá bankans ef ósamræmi er þar á milli. Bankanum er heimilt að skuldfæra slík gjöld og kostnað af reikningi viðskiptavinar hjá bankanum og skulu skuldfærslur koma fram á reikningsyfirliti skuldfærslureiknings.

Sé viðskiptavinur lögaðili er bankanum heimilt að gera breytingar á verðskrá án fyrirvara.

Bankinn getur breytt verðskrá sínum með tveggja mánaða fyrirvara og innheimt gjöld eftir því ef breytingarnar varða þjónustubætti sem falla undir gildisvið laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Falli breytingarnar ekki undir gildisvið laganna er bankanum heimilt að breyta verðskránum án fyrirvara. Breytingar eru kynntar í verðskrá á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við breytingar á verðskrá fyrir gildistöku þeirra telst hann hafa samþykkt þær. Hafi bankinn og viðskiptavinur samið um sérstök þjónustugjöld gilda þeir samningskilmálar umfram almennar breytingar á verðskrá bankans og taka breytingum í samræmi við ákvæði þeirra samninga, þegar við á.

Innheimt þjónustugjald samkvæmt verðskrá bankans getur verið eftirfarandi:

- Föst upphæð vegna tiltekinnar þjónustu.
- Fastar prósentur af upphæð.
- Tímagjald vegna útseldrar vinnu.
- Sambland af framangreindum þáttum, annaðhvort allra eða einstakra liða.

Viðskipti í erlendum myntum fara eftir gengistöflu bankans eins og hún er hverju sinni. Gengistöflu má finna á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is. Það ræðst af eðli viðskipta á hvaða gengi viðskipti eru framkvæmd. Myndist gengismunur vegna viðskipta bera viðskiptavinir áhættuna af því, nema samið hafi verið um annað.

Verðskrár Arion banka er birt á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is. Viðskiptavinir geta einnig fengið upplýsingar um gildandi verðskrár í útibúum eða þjónustuveri bankans.

6. Binditími

Innlánsreikningar geta verið verðtryggðir miðað við vísitölu neysliverðs eða óverðtryggðir. Upplýsingar um binditíma verðtryggðra og óverðtryggðra innlánsreikninga er að finna í ákvæðum samninga um stofnun einstakra reikninga.

Um verðtryggða reikninga gilda reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 492/2001 með síðari breytingum, settar með stoð í lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Binditími hverrar innborgunar á bundna innlánsreikninga er frá og með næsta mánuði eftir að innborgun á sér stað nema annað sé tekið fram í samningi um stofnun reikningsins.

Um binditíma orlofsreikninga gilda ákvæði laga um orlof nr. 30/1987.

7. Vextir, vaxtaútreikningar og dráttarvextir

Sé ekki um annað samið eru vextir breytilegir á samningstímanum. Vaxtabreytingar eru kynntar í vaxtatöflu bankans sem finna má á heimasíðu hans, www.arionbanki.is. Þá geta viðskiptavinir einnig fengið upplýsingar í útibúum eða þjónustuveri bankans um gildandi vaxtatöflu.

Breytingar á innlánsvöxtum taka meðal annars mið af breytingum á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, þ.e. viðmiðunarvöxtum í skilningi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Þá taka breytingar á innlánsvöxtum einnig mið af opinberum álögum, fjármögnunarkostnaði Arion banka, rekstrarkostnaði bankans, breytingum á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar, o.fl. atriðum. Við vaxtabreytingar eru framangreindir þættir metnir í heild og/eða hver um sig.

Vaxtabreytingar sem taka gildi án fyrirvara

Breytingar á innlánsvöxtum til neytenda sem eingöngu byggjast á breytingu á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands taka gildi þegar í stað og án aðvörunar óháð því hvort um er að ræða hækkun eða lækkun innlásvaxta. Nálágast má upplýsingar um stýrivexti Seðlabanka Íslands á vef seðlabankans. Séu vaxtabreytingar ekki byggðar á breytingum á viðmiðunarvöxtum og bankinn metur fyrirhugaðar vaxtabreytingar viðskiptavinum í hag taka breytingarnar gildi án fyrirvara. Að öðru leyti kynnir bankinn fyrirhugaðar breytingar á vöxtum innlánsreikninga með þeim hætti sem gildandi lög og reglur gera ráð fyrir hverju sinni.

Í þeim tilvikum sem reikningseigandi er ekki neytandi í skilningi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 geta vextir breyst án fyrirvara í samræmi við ákvörðun Arion banka um vexti hverju sinni.

Bankanum er heimilt að fella niður einhliða og án fyrirvara sérvaxtakjör, sem veitt hafa verið viðskiptavini og byggja á því að hann uppfylli tiltekin skilyrði, ef viðkomandi viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur skilyrði bankans fyrir slíkum sérvaxtakjörum. Bankinn ákveður einhliða þau skilyrði sem sett eru fyrir sérkjörum hverju sinni, sem geta til að mynda verið að viðskiptavinur sé námsmaður, undir 18 ára aldri eða noti tiltekinn fjölda þjónustubátta sem veita honum aðild að vildarþjónustu bankans. Ef sérkjör eru felld niður verða kjör á viðkomandi reikningi í samræmi við gildandi vaxtatöflu bankans hverju sinni.

Vaxtabreytingar sem taka gildi með 2 mánaðar fyrirvara

Breytingar á vaxtakjörum greiðslureikninga sem falla undir lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 taka breytingum með tveggja mánaða fyrirvara í samræmi við 42. gr. laganna nema breyting byggist á breytingu á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi og/eða er til hagsbóta fyrir viðskiptavini.

Hafi bankinn og viðskiptavinur samið um sérstök vaxtakjör gilda þeir samningsskilmálar umfram almennar breytingar á vaxtatöflu bankans og taka breytingum í samræmi við ákvæði þess samnings, þegar við á.

Vaxtaútreikningur

Almennt er vaxtaárið 360 dagar. Vaxtatímabil miðast við 30 daga í mánuði, en upphaf og lok tímabils fer eftir tegund innlánsreiknings hverju sinni.

Almennt bera innborganir vexti frá og með þeim tíma er fjármunir eru eignfærðir á reikning. Síðasti vaxtadagur er dagurinn áður en úttekt er skuldfærð á reikning.

Það ræðst af eðli og tegundum reikninga hvenær vextir leggjast við höfuðstól. Á verðtryggðum sparireikningum leggjast verðbætur almennt við höfuðstól í lok hvers mánaðar. Fjármagnstekjuskattur er skuldfærður við vaxtabókun.

Reikningseigandi skuldbindur sig til að greiða vexti og kostnað af yfirdráttarheimild samkvæmt vaxtatöflu og verðskrá bankans á hverjum tíma, nema um annað hafi verið samið. Vaxtatímabil nýtttra yfirdráttarheimilda er almennt einn mánuður. Bankinn getur einhliða breytt þeim mánaðardögum sem vaxtatímabil miðast við, þannig það sé þó almennt ekki lengra en einn mánuður. Fyrsta vaxtatímabil eftir breytingu á þeim mánaðardögum sem miðað er við getur þó reynst lengra en einn mánuður. Vextir reiknast af nýtttri yfirdráttarheimild við lok hvers dags og færast við lok tímabils til skuldar á reikningi, nema um annað hafi verið samið. Af úttektum umfram heimild greiðist sérstakt gjald samkvæmt gildandi verðskrá bankans á hverjum tíma. Vextir og kostnaður af yfirdráttarheimild skuldfærast af reikningi sbr. 5. kafla skilmála þessara.

Sé afborgun eða skuld viðskiptavinar greidd eftir gjalddaga falla á skuldina dráttarvextir í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og ákvörðun Seðlabanka Íslands um vanefndaálag og kostnaður vegna innheimtu, allt í samræmi við verðskrá bankans. Dráttarvextir reiknast frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi og eru reiknaðir sem dagvextir.

Allar innborganir inn á skuld viðskiptavinar ganga fyrst til greiðslu vaxta og kostnaðar, þ.m.t. innheimtugjalda og lögmansþóknunar.

Bankadagur er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi. Ef gjalddagi, sem jafnframt er eindagi, lendir á almennum frídegi eða helgidegi færast hann á þann bankadag sem næstur kemur á eftir gjalddaganum. Ef gjalddagi

og eindagi krafna sem bankinn annast innheimtu á fyrir þriðja aðila er ekki sami dagur færast eindagi ekki þótt hann lendi á almennum frídegi eða helgidegi.

8. Innborganir og úttektir

Aðeins reikningseigandi hefur heimild til úttektar af innlánsreikningi nema hann hafi veitt öðrum aðila umboð til úttektar eða lög kveði á um annað. Skilyrði fyrir úttekt af reikningi er að viðkomandi hafi fullgilda heimild til úttektar af viðkomandi reikningi, gefi upp leyninúmer, sýni fullgild persónuskilríki við úttekt í banka og/eða auðkenni sig með öðrum og fullnægjandi hætti að mati bankans. Ekki verður lengur unnt að ráðstafa innstæðu á reikningum hjá Arion banka hf. með tékkum frá og með 1. maí 2019.

Innborgaðir vextir eru alltaf lausir til útborgunar nema skilmálar einstakra reikninga eða samningar kveði á um annað.

Úttektir af verðtrygðum reikningum eru heimilar eftir því sem innstæða er laus samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 492/2001 sbr. einnig 15. kafla skilmála þessara.

Arion banka er heimilt að leggja sérstakt gjald á lögaðila vegna óeðlilegra frávika frá meðalstöðu innlánsreiknings yfir áramót allt að 0,376% af innstæðu.

9. Yfirdráttarheimild

Eftir stofnun reiknings getur reikningseigandi komið í útibú, með símtali eða með rafrænum hætti óskað eftir því að bankinn veiti yfirdráttarheimild á reikninginn. Hámark yfirdráttarheimildarinnar fer eftir samþykkttri umsókn eða skriflegum samningi hverju sinni. Á samningstíma getur reikningseigandi óskað eftir breytingu á yfirdráttarheimild á reikningi sínum. Ákvörðun bankans um samþykki eða synjun yfirdráttarheimildar fer meðal annars eftir útlánareglum bankans á hverjum tíma.

Komi upp ósamræmi á milli yfirdráttarlánssamnings og skilmála þessara gilda ákvæði samningsins framur skilmálum þessum.

Óheimilt er að veita reikningseigendum yngri en 18 ára yfirdráttarheimild.

Um kjör af yfirdráttarheimildum vísast til 7. kafla skilmála þessara og um gjöld af heimildunum og/eða reikningunum vísast til 5. kafla skilmálanna.

Yfirdráttarheimild getur reikningseigandi ráðstafað að vild í hvers kyns lögmætum tilgangi nema samið hafi verið um tiltekna notkun lánsfjárins.

Bankinn áskilur sér rétt til að krefjast tryggingar, sem bankinn telur fullnægjandi hverju sinni, áður en yfirdráttarheimild er veitt, fjárhæð yfirdráttarheimildar er hækkuð eða fyrir framlengingu yfirdráttarheimildar. Skal í því skyni útbúa tryggingarskjöl þar að lútandi. Tryggingar sem settar hafa verið fyrir yfirdráttarheimild halda gildi sínu ef skilmálar þeirra taka til annarra lána reikningseiganda við bankann, þó svo að yfirdráttarheimild falli niður af einhverri ástæðu.

Bankinn áskilur sér rétt til að bakfæra skuldfærðar greiðslur sem ekki rúmast innan yfirdráttarheimildar eða eru framkvæmdar eftir afturköllun hennar eða lokun reiknings.

Heimild til yfirdráttar er veitt að hámarki til eins árs í senn. Reikningseigandi skuldbindur sig til að endurgreiða bankanum það lán sem í nýtttri yfirdráttarheimild felst innan þeirra tímamarka sem samið er um.

Bankinn veitir reglulega upplýsingar um gildistíma heimildar á reikningsyfirliti í rafrænum skjölum í netbanka eða á pappír. Bankinn getur einhliða framlengt yfirdráttarheimild óbreyttri að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem tilgreind eru í samningi um yfirdráttarheimild, að því gefnu að skriflegur samningur hafi verið gerður. Lánsins. Beiðni um framlengingu eða breytingu á yfirdráttarheimild skal komið á framfæri við starfsmenn í útibúum bankans með rafrænum hætti eða í þjónustuveri. Bankinn áskilur sér rétt til að krefjast skriflegrar eða með öðrum hætti sannanlegrar staðfestingar á framlengingarbeiðnum. Reikningseigandi telst hafa samþykkt lánsbeiðni sína og samþykkt upphæð láns og kjör með fyrstu notkun á yfirdráttarheimild, hvort heldur sem er eftir fyrstu lánveitingu, framlengingu eða hækkun heimildar. Fyrsta notkun getur m.a. átt sér stað þegar greiðslukort sem tengist reikningi viðskiptavinar með yfirdráttarheimild er notað eða þegar framkvæmd er millifærsla af reikningnum, hvort sem það er í gegnum netbanka, App Arion banka, í útibúi, hraðbanka eða í gegnum þjónustuver bankans.

Óháð gildistíma yfirdráttarheimildar áskilur bankinn sér rétt til að gjaldfella einhliða og fyrirvaralaust og án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar yfirdráttarheimild reikningseiganda í eftirfarandi tilvikum:

1. Reikningseigandi hefur notað yfirdráttarheimild umfram umsamið hámark og slík vanskil hafa varað í 15 daga eða lengur.
2. Tryggingar fyrir yfirdráttarheimild hafa rýrnað verulega að mati bankans.
3. Aðrar skuldbindingar reikningseiganda eru í vanskilum umfram 14 daga eða ef lánasamningar eru vanefndir með öðrum hætti.
4. Reikningseigandi uppfyllir ekki lengur lánshæfisskilyrði, svo sem vegna greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana, árangurslauss fjárnáms eða gjaldþrots.
5. Reikningseigandi misnotar reikning með öðrum hætti, svo sem með því að nýta hann til viðtöku ólögmarks ávinnings eða með þeim hætti sem telst brot á lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.
6. Reikningseigandi gerist uppvís að broti gegn skilmálum bankans um notkun yfirdráttarheimilda.
7. Reikningseigandi vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt sérstökum samningi um yfirdráttarheimild og sú vanræksla varir í meira en 15 daga eftir að bankinn hefur áminnt reikningseiganda um að framfylgja skyldunni.

Öll framangreind atvik geta einnig leitt til lokunar reiknings. Lokun reiknings jafngildir ávallt afturköllun yfirdráttarheimildar. Yfirdráttarheimild telst gjaldfallin þann dag sem heimild til yfirdráttar fellur niður. Ef um verulegar eða ítrekaðar vanefndir eða misnotkun er að ræða getur lokun reiknings tekið gildi þegar í stað.

Reikningseiganda skal hvenær sem er vera heimilt að greiða upp yfirdráttarheimild og segja upp samningi um yfirdráttarheimild, nema um annað sé samið. Vilji reikningseigandi segja upp samningi um yfirdráttarheimild skal hann senda tilkynningu þess efnis til bankans með sannanlegum hætti.

Skilmálar þessir falla ekki niður við uppgreiðslu yfirdráttarheimildar og halda gildi sínu við nýjar lántökur án sérstakrar endurnýjunar.

10. Reikningar í eigu ófjárráða

Ófjárráða einstaklingar ráða sjálfsafla- og gjafafé sínu.

Sé fé lagt inn á reikning í eigu ófjárráða einstaklings sem ekki telst til sjálfsafla- og gjafafjár skal tiltaka það sérstaklega.

Barn sem er 15 ára eða yngra hefur ekki heimild til úttekta án samþykkis lögráðamanns.

Barn sem er 16 ára eða eldra hefur úttektarheimild, þó svo að samþykki lögráðamanns liggi ekki fyrir, að því gefnu að um sjálfsafla- og/eða gjafafé sé að ræða, sem ekki er bundið neinum skilyrðum. Ef um gjafafé er að ræða sem gefið er með skilyrðum hefur barnið ekki úttektarheimild nema með samþykki lögráðamanns. Þegar um annað fé en sjálfsafla- og gjafafé er að ræða hefur lögráðamaður einn heimild til úttekta.

Nauðsynlegt er að tilkynna bankanum með sannanlegum hætti breytingar á forsjá barns sem er reikningseigandi hjá bankanum.

Hinn ófjárráða reikningseigandi og lögráðamaður hans hafa heimild til að fá upplýsingar um innlánsreikning barns, hvort sem um sjálfsafla-, gjafafé eða annað fé er að ræða.

11. Debetkort

Um notkun debetkorta gilda reglur og skilmálar Arion banka um debetkort eins og þeir eru á hverjum tíma, sjá á www.arionbanki.is.

12. Notkun rafrænna skilríkja , leyni- og PIN númera og snertilausra færslna

Arion banki áskilur sér rétt til að ákveða einhliða hvaða öryggisráðstafanir teljast fullnægjandi vegna þjónustu bankans.

Rafræn skilríki

Noti viðskiptavinur rafræn skilríki til að auðkenna sig við innskráningu í netbanka eða til að framkvæma hvers kyns aðrar aðgerðir í viðskiptum sínum við Arion banka, s.s. til að undirrita skjöl, ber hann fulla ábyrgð á öllum aðgerðum sem eru framkvæmdar með skilríkjunum. Við val á leyninúmeri (PIN) rafrænna skilríkja skal viðskiptavinur gæta þess að leyninúmerið sé ekki þannig samsett að auðvelt reynist að rekja það til viðkomandi viðskiptavinar. Viðskiptavini er óheimilt að afhenda öðrum PIN-númer á rafrænum skilríkjum sínum og skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir það. Misnotkun rafrænna skilríkja kann að varða við lög og ber viðskiptavinur ábyrgð á því að notkun rafrænna skilríkja sé lögmæt.

Viðskiptavinur skuldbindur sig jafnframt til að:

1. Varðveita leyninúmerið að rafrænum skilríkjum (PIN) sínum þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að því og honum er óheimilt að láta það óviðkomandi í té.
2. Breyta leyninúmeri (PIN) að rafrænum skilríkjum sínum án tafar og tilkynna til bankans gruni viðskiptavins að óviðkomandi hafi komist yfir leyninúmerið.
3. Ábyrgjast allar færslur og aðgerðir sem framkvæmdar eru með rafrænum skilríkjum hans með notkun leyninúmers rafrænna skilríkja (PIN).

Leyninúmer

Við stofnun innlánsreiknings velur viðskiptavinur sér leyninúmer til að framkvæma eða láta framkvæma greiðslur. Við val á leyninúmeri skal viðskiptavinur gæta þess að leyninúmerið sé ekki þannig samsett að auðvelt reynist að rekja það til viðkomandi viðskiptavinar. Þá mælir bankinn gegn því að allir reikningar viðskiptavinar beri sama leyninúmer.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að:

1. Varðveita leyninúmerið þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að því og honum er óheimilt að láta það óviðkomandi í té.
2. Breyta leyninúmeri án tafar og tilkynna til bankans gruni viðskiptavin að óviðkomandi hafi komist yfir leyninúmerið.
3. Ábyrgjast allar færslur og aðgerðir sem framkvæmdar eru með leyninúmerinu.

PIN-númer greiðslukorta

Við úttektir af greiðslukortum í hraðbanka eða með greiðslu í verslunum eða hjá öðrum sölu- og þjónustuaðilum notar viðskiptavinur fjögurra tölustafa leyninúmer (PIN) sem kemur í stað undirskriftar. Viðskiptavini er óheimilt að afhenda öðrum PIN-númerið og skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir það.

Snertilaust debetkort

Hægt er að framkvæma snertilausar greiðslur á posum sem hafa merki snertilausra greiðslna. Upphæð sem greiða á kemur fram á skjámynd posans.

Fjárhæð og fjöldi snertilausra færslna eru birtar á www.arionbanki.is.

Viðskiptavinur skuldbindur sig að ábyrgjast allar aðgerðir sem framkvæmdar eru með snertilausum færslum.

Tilkynningar um tap, þjófnað, misnotkun eða óheimilaða notkun greiðslumiðils

Greiðslumiðill í skilmálum þessum telst vera greiðslukort, ávísanir og annað það sem hefur ígildi peninga. Viðskiptavinur skal tafarlaust tilkynna það til bankans, eða annarra þar til bærra aðila, ef hann verður var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli sínum.

Hafi greiðslumiðill verið notaður af óviðkomandi aðila áður en Arion banka berst tilkynning um misnotkunina ber viðskiptavinur sem samsvarar 150 evra (EUR) sjálfsábyrgð á tjóni sínu ef misnotkunina má rekja til þess að viðskiptavinur hafi ekki gætt hinna persónubundnu öryggisþátta greiðslumiðilsins. Sé reikningseigandi lögaðili ber hann allt tjón vegna óheimilaðra greiðslna ef misnotkunina má rekja til þess að hann eða umboðsmenn hans hafi ekki gætt persónubundinna öryggisþátta greiðslumiðils.

Brjótí viðskiptavinur gegn reglum Arion banka um meðferð rafrænna skilríkja, leyni- eða PIN-númera af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi eða sýni af sér stórkostlegt gáleysi við meðferð persónubundinna öryggisþátta greiðslumiðilsins ber hann alla ábyrgð á tjóni sem af kann að hljóttast.

Arion banka er heimilt að stöðva notkun greiðslumiðils fyrirvaralaust vegna gruns um óheimila eða sviksamlega notkun greiðslumiðils, hættu á að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskyldu sína eða ef öryggi greiðslumiðilsins er ógnað.

13. Greiðslufyrirmæli, viðtaka greiðslna, skuldfærslur o.fl.

Greiðsla telst heimiluð af hálfu reikningseiganda þegar hann hefur samþykkt framkvæmd greiðslu í gegnum netbanka, App Arion banka, í útibúi bankans eða í gegnum síma og með notkun rafrænna skilríkja, leylinúmers, PIN-númers eða snertilausrar færslu í posa.

Arion banka er heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslufyrirmæla ef viðskiptavinur uppfyllir ekki skilyrði þessara skilmála eða samnings um stofnun innlánsreiknings, t.d. ef ekki er næg innstæða á reikningi reikningseiganda eða ef lokað hefur verið fyrir útborganir af öðrum ástæðum. Synji Arion banki viðskiptavini um framkvæmd greiðslufyrirmæla verður viðskiptavini tilkynnt um það, munnlega eða skriflega, fyrir lok næsta viðskiptadags eftir að synjun átti sér stað.

Reikningseigandi getur ekki afturkallað greiðslufyrirmæli þegar Arion banki hefur tekið við þeim. Reikningseigandi getur þó afturkallað greiðslufyrirmæli ef:

1. Greiðslufyrirmæli varða beingreiðslur. Reikningseigandi getur afturkallað samþykki fyrir slíkri greiðslu fyrir lok síðasta viðskiptadags fyrir gjaldfærslu á reikninginn.
2. Reikningseigandi og Arion banki hafa samið um að greiðslufyrirmæli skuli framkvæmd á tilteknum degi, en reikningseigandi getur afturkallað slík fyrirmæli fyrir lok síðasta viðskiptadags fyrir gjaldfærslu fjármunanna.
3. Samið hefur verið sérstaklega um slíkan rétt. Arion banka er heimilt að krefjast gjalds vegna afturköllunar slíkra greiðslufyrirmæla.

Að móttæknum greiðslufyrirmælum tryggir Arion banki að greiðslan sé eignfærð á reikning viðtakanda í síðasta lagi í lok næsta viðskiptadags sé viðtakandi greiðslu búsettur innan EES-svæðisins. Ef greiðslan er innt af hendi með reiðufé má lengja greiðslutímabilið um einn viðskiptadag.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að greiðslufyrirmæli hans séu rétt. Ef viðskiptavinur slær inn röng kennimerki fyrir viðtakanda greiðslu er Arion banki ekki ábyrgur fyrir slíkum mistökum. Slík mistök eru á ábyrgð viðskiptavinar og verða ekki leiðrétt einhliða af hálfu bankans. Samþykki viðtakanda slíkrar greiðslu er forsenda leiðréttingar af hálfu bankans.

Sýni reikningseigandi fram á að fjárhæð greiðslu, sem heimiluð var af reikningseiganda og viðtakandi greiðslu átti frumkvæði að, hafi ekki verið tilgreind nákvæmlega í heimild reikningseiganda til þriðja aðila og að greiðsla af reikningi hans sé hærrí en hann mátti búast við skal hann tilkynna það til bankans innan átta vikna frá því að fjármunirnir voru skuldfærðir. Að uppfylltum þeim skilyrðum ber bankanum að endurgreiða reikningseiganda hina skuldfærðu greiðslu innan tíu daga frá móttöku tilkynningar frá reikningseiganda. Að öðrum kosti synjar bankinn um endurgreiðslu. Ákvæði þetta á ekki við þegar viðskiptavinur sem er lögaðili gefur þriðja aðila munnlegt samþykki fyrir úttekt af reikningi sínum.

Viðtaka greiðslufyrirmæla

Greiðslufyrirmæli teljast móttækin þegar þau berast Arion banka í kjölfar þess að viðskiptavinur gefur þau beint eða óbeint með milligöngu viðtakanda greiðslu og verður reikningur viðskiptavinar eign- eða skuldfærður þann dag.

Berist greiðslufyrirmæli viðskiptavinar eftir neðangreind tímamörk á viðskiptadegi teljast þau móttækin næsta virka viðskiptadag.

Í netbanka

a) Millifærslur:

i. Millifærslur milli gjaldeyrisreikninga í sömu mynt þurfa að berast fyrir kl. 21:00.

- ii. Millifærslur milli mynta þurfa að berast fyrir kl. 16:00.
- b) Símgreiðslur
 - i. Símgreiðsla tekin út af reikningi í íslenskum krónum þarf að berast fyrir kl. 16:00.
 - ii. Símgreiðsla tekin út af gjaldeyrisreikningi þarf að berast fyrir kl 21:00.

Greiðslufyrirmæli sem gefin eru í útibúum eða í þjónustuveri þurfa að berast fyrir auglýstan lokunartíma.

Heimilt er að semja um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi eða tímapunkti og telst viðtökutími greiðslufyrirmælanna vera sá dagur eða tímapunktur.

Galli, leiðréttingar, tjón o.fl.

Hafi viðskiptavinur athugasemdir við reikningsyfirlit sitt ber honum að senda skriflega og undirritaða athugasemd til bankans innan 30 daga frá greiðslu eða tíu daga frá því að honum berst reikningsyfirlit. Sé viðskiptavinur lögaðili skal hann gera athugasemdir við reikningsyfirlit innan tíu daga frá greiðslu.

Ef framkvæmd greiðslu er gölluð og viðskiptavini verður ekki kennt um, hann hefur ekki lagt fram rangt sérstakt kennimerki viðtakanda og gallinn verður ekki rakinn til óviðráðanlegra ytri atvika eða lagaskyldna sem bankanum ber að fylgja skal bankinn endurgreiða viðskiptavini gölluðu greiðsluna eða færa skuldfærða reikninginn í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Gera skal kröfu um slíka leiðréttingu án tafar og eigi síðar en 13 mánuðum frá dagsetningu skuldfærslu. Hinn lengdi tímafrestur gildir þó aðeins ef korthafi getur sýnt fram á að bankinn hafi ekki uppfyllt skilyrði um aðgengi viðskiptavinar að reikningsyfirliti. Þetta á ekki við þegar viðskiptavinur er lögaðili. Gilda þá almennar reglur skaðabótaréttar.

Bankinn áskilur sér rétt til að leiðrétta færslur inn eða út af reikningi viðskiptavinar. Slíkar leiðréttingar skal gera svo fljótt sem auðið er og skal reikningseigandi látinn vita um leið og færi gefst.

Arion banki ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinir kunna að verða fyrir vegna óviðráðanlegra ytri atvika (*force majeure*).

14. Skuldajöfnuður

Mæli lög ekki fyrir um annað áskilur bankinn sér rétt til að skuldajafna innstæðu á reikningi viðskiptavinar við kröfur sem bankinn kann að eiga á hendur honum enda eru kröfurnar sambærilegar, hæfar til að mætast, gildar, skýrar og ótvíræðar. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt getur bankinn umreiknað greiðsluna í íslenskar krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajafnaðar kemur.

Ákveði Arion banki að lýsa yfir skuldajöfnuði, mun bankinn tilkynna viðskiptavini um slíkt með sannanlegum hætti.

15. Uppsögn og lokun reikninga

Vilji reikningseigandi loka reikningi skal leggja fram beiðni um það með sannanlegum hætti. Viðskiptavini er heimilt að loka innlánsreikningi hvenær sem er, með þeim fyrirvara að bundnum reikningum er ekki hægt að segja upp fyrr en að binditími er liðinn. Bankanum er heimilt að segja upp samningi um innlánsreikning við viðskiptavin með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara.

Leggi viðskiptavinur fram beiðni um að loka bundnum eða verðtryggðum reikningi skal hann ekki leggja inn á hann frá þeim tíma er bankinn hefur sannanlega mótttekið uppsögn.

Segi viðskiptavinur upp samningi um bundinn eða verðtryggðan reikning er honum óheimilt að taka út innstæðu hans fyrr en að binditíma loknum.

Ef viðskiptavinur skuldar bankanum gjöld eða aðrar þóknarir vegna veittrar þjónustu er bankanum heimilt að skuldfæra gjöldin af reikningi viðskiptavinar fyrir lokun hans.

Bankinn áskilur sér rétt til að læsa reikningi eða loka fyrirvaralaust verði reikningseigandi uppvís að brotum gegn skilmálum þessum eða lögum og reglum. Skal reikningseigandi látinn vita af lokuninni svo fljótt sem verða má.

16. Viðbótarupplýsingar ef um er ræða fjarsölu á innlánsreikningum.

Fjarsölusamningur er skilgreindur í lögum um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005 sem samningur á milli neytanda og þjónustuveitanda um fjármálaþjónustu, sem er liður í skipulegri fjarsölu þjónustuveitanda og þar sem eingöngu er notuð fjarskiptaáðferð fram að og við stofnun samningsins.

Reikningseigandi hefur rétt til að falla frá fjarsölusamningi, án greiðslu kostnaðar og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til bankans innan 14 daga frá þeim degi sem fjarsölusamningur er gerður eða frá þeim degi þegar reikningseiganda berast samningsskilmálar innlánsreikninga á pappír eða öðrum varanlegum miðli ef þær upplýsingar berast eftir að fjarsölusamningur var gerður. Ef reikningseigandi nýtir rétt sinn til að falla frá samningi skal hann innan frestsins og með sannanlegum hætti tilkynna Arion banka hf. um það í samræmi við framangreint. Reikningseigandi skal senda fyrrgreinda tilkynningu á heimilisfang Arion banka hf. sem tilgreint er í 2. kafla hér að framan. Jafnframt er hægt að senda tilkynninguna á netfangið arionbanki@arionbanki.is. Reikningseigandi telst hafa virt frestinn samkvæmt grein þessari ef tilkynning á pappír eða öðrum varanlegum miðli er send áður en fresturinn rennur út.

Heimildin til þess að falla frá fjarsölusamningi tekur ekki til verðtrygðra innlánsreikninga.

Ef reikningseigandi nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi getur Arion banki hf. krafist reikningseiganda um greiðslu fyrir þá þjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi samkvæmt verðskrá og vaxtatöflu bankans, enda hafi hún verið innt af hendi að ósk reikningseiganda áður en liðinn var frestur til að nýta réttinn til að falla frá samningi.

Nú nýtir reikningseigandi sér rétt til að falla frá samningi og skal hann þá, án tafar og eigi síðar en 30 dögum eftir að hann sendi tilkynningu þar að lútandi, endurgreiða bankanum allt það fé og framselja öll þau eignarréttindi sem hann hefur fengið frá bankanum á grundvelli fjarsölusamnings.

Nú hefur reikningseigandi greitt bankanum á grundvelli fjarsölusamnings og nýtir sér rétt til að falla frá samningi og skal þá bankinn endurgreiða honum að frádreginni þeirri fjárhæð sem reikningseigandi hefur greitt fyrir þjónustu sem þegar verið innt af hendi. Endurgreiðslan skal fara fram án tafar og eigi síðar en 30 dögum frá því að tilkynning um að réttur til að falla frá samningi verði nýttur er komin til bankans.

Nýti reikningseigandi ekki þennan rétt sinn innan fyrrgreindra tímamarka er hann bundinn af innlánsreikningi og getur ekki fallið frá honum. Reikningseigandi getur samt sem áður sagt innlánsreikningnum upp í samræmi við þá skilmála sem koma fram að framan í 15. kafla.

Lágmarksgildistími innlánsreiknings ræðst af binditíma innlánsreikningsins. Upplýsingar um binditíma innlánsreikninga má finna á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is. Um óbundna innlánsreikninga gildir enginn lágmarksgildistími.

Mögulegt er að reikningseigandi þurfi að greiða aðra skatta og/eða kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu Arion banka hf., né kostnaður sem bankinn innheimtir.

Um innlánsreikninga bankans gilda lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005.

17. Gildistaka og breytingar

Bankanum er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir viðskiptavin eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Séu breytingarnar ekki til hagsbóta fyrir viðskiptavin og varða atriði sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu, taka breytingarnar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir innan þess tíma telst hann hafa samþykkt breytingarnar. Breytingar á öllum skilmálum bankans eru birtar á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is og skal viðskiptavini tilkynnt um þær á tryggan hátt, svo sem með skilaboðum í netbanka eða póstsendingu á tilkynnt aðsetur eða lögheimili viðskiptavinar.

18. Önnur ákvæði

Viðskiptavinur getur ávallt nálgast yfirlit yfir reikninga sína í netbanka sínum hjá Arion banka sér að kostnaðarlausu. Einnig getur viðskiptavinur farið fram á að fá sent reikningsyfirlit reglulega og skal þá greiða fyrir það samkvæmt verðskrá bankans. Slíkum beiðnum skal komið á framfæri við útibú eða þjónustuver bankans.

Bankinn áskilur sér rétt til að afhenda viðskiptavini áramótayfirlit yfir reikninga hans á rafrænu formi í netbanka hans. Viðskiptavinur getur þó óskað þess að fá áramótayfirlit send til sín í bréfpósti, hafi hann ekki aðgang að netbanka.

Öll mál sem kunna að rísa vegna innlánsreikninga hjá bankanum skulu fara eftir íslenskum lögum, nema um annað sé samið. Reikningseigandi samþykkir auk þess að bankinn megi reka innheimtumál í því landi sem reikningseigandi hefur búsetu hverju sinni.

Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir taka gildi 16. mars 2019.